

Auglýsing

Nr. 48.
25.
nóvbr.

um

gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og forseta hins frakkneska lýðveldis.

Hin danska og hin frakkneska stjórn hafa 9. ágúst 1911 gjört með sjer svofeldan samning um skuldbundna gjörð og fullgilt hann í Kaupmannahöfn 21. desember 1911.

Þýðing.

Hans Hátign Danmerkur konungur og forsetinn fyrir frakkneska lýðveldinu, sem hafa ritað undir sáttmálann um friðsamlega miðlun deilumála ríkja á milli, sem gjörður var í Haag 18. október 1907, hafa

þar sem svo er mál með vexti, að hinir hátignu sammingsaðilar hafa áskilið sjer í 40. grein fyrnefnds sáttmála að gjöra samninga með því markmiði að láta hina skuldbundnu gjörð ná yfir allan þann ágreining, þar sem þeir sjá kost á að beita henni,

og þar sem hin önnur friðarráðstefna hefur í lokagjörðabók sinni í einu hljóði viðurkent frumregluna um skuldbundna gjörð, og lýst því yfir, að sum deilumál sjeu til þess fallin að vera lögð skilyrðislaust í skuldbundna gjörð,

afráðið að gjöra samning, þar sem þessar frumreglur leiðast í ljós og hafa skipað umboðsmenn sína:

Hans Hátign Danmerkur konungur:

Hinn hágöfuga greifa *Carl William Ahlefeld Laurvig*, utanríkisráðherra Hans Hátignar

Forseti frakkneska lýðveldisins:

Herra *Charles Prosper Maurice Horric de Beaucaire*, sjerstaklegan sendiherra og umboðinn ráðherra frakkneska lýðveldisins í Kaupmannahöfn

og er þeir hafa fengið nauðsynleg umboð, hafa þeir komið sjer saman um ákvæði þau, sem hjer fara á eftir:

1. grein.

Deilumál, sem framvegis kynnu að rísa upp meðal hinna hátignu sammingsaðila og eru lagalegs eðlis, einkum þess konar deilumál, sem eru um skilning á samningum milli málsaðilanna, skal, að svo miklu leyti sem ekki hefur orðið komið miðlun á þau fyrir milligöngu erendreka ríkjanna, leggja í gjörð samkvæmt sáttmála þeim, sem undirritaður var í Haag 18. október 1907 um að koma á friðsamlegan hátt sáttum á deilumál ríkja á milli, þó með því skilyrði, að þau varði ekki lífshagsmuni, sjálfstæði eða æru sammingsríkjanna nje snerti hagsmuni annara ríkja.

Nr. 48. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og forseta hins frakkneska lýðveldis.

Bekendtgørelse

Nr. 48.
25.
Novbr.

om

en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Præsidenten
for den franske Republik afsluttet Konvention om Voldgift.

Under 9. August 1911 er der mellem den danske og den franske Regering
bleven afsluttet og under 21. December s. A. i København bleven ratificeret følgende
Konvention om obligatorisk Voldgift:

Oversættelse.

Hans Majestæt Kongen af Danmark og Præsidenten for den Franske Republik,
der begge har undertegnet den i Haag den 18. Oktober 1907 afsluttede Konvention
angaaende fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder, har,

da de høje kontraherende Parter ved nævnte Konventions Art. 40 har forbeholdt
sig at afslutte Overenskomster „med det Formaal at udstrække den tvungne
Voldgift til alle de Tilfælde, som de skønner muligt at underkaste den“;

og da den 2den Fredskonference i sin Slutprotokol enstemmig har anerkendt den
tvungne Voldgifts Princip og erklæret, at visse Tvistigheder er egnede til ube-
tinget at underkastes tvungen Voldgift;

besluttet at afslutte en Konvention, som giver Udtryk for disse Principper, og har
udnævnt til deres Befuldmægtigede:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:

Hans Excellence *Greve Carl William Ahlefeldt Laurvig*, Hans Majestæts Udenrigs-
minister,

Præsidenten for den Franske Republik:

Hr. *Charles Prosper Maurice Horric de Beaucaire*, Overordenlig Gesandt og befuld-
mægtiget Minister for den Franske Republik i København,

hvilke, efter at være behørigt bemyndigede dertil, er komne overens om følgende
Bestemmelser.

Art. 1.

Tvistigheder, der fremtidig maatte opstaa mellem de høje kontraherende
Parter og som er af juridisk Natur, især saadanne, som angaar Fortolkningen af
Traktater mellem Parterne, skal, for saa vidt de ikke har kunnet bilægges ad diplo-
matisk Vej, underkastes Voldgift i Overensstemmelse med den i Haag den 18. Oktober
1907 undertegnede Konvention om fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder,
dog paa Betingelse af, at de ikke berører de kontraherende Staters Livsinteresser,
Uafhængighed eller Ære og ikke vedrører andre Magters Interesser.

Nr. 48. Bekendtgørelse af 25. November om en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Præsi-
denten for den franske Republik afsluttet Konvention om Voldgift.

Nr. 48.
25.
nóvbr.

2. grein.

Deilumál um þau atriði, sem hjer eru nefnd á eftir, skulu lögð í gjörð, án þess að skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 1. grein, verði haldið fram gegn því:

I, kröfur um skaðabætur í peningum, þegar málspartarnir í aðalefninu kannast við skaðabótaskylduna.

II, umsamdar skuldir, sem stjórn annars málsaðilans krefst fyrir hönd þegna sinna hjá stjórn hins málsaðilans.

III, skilning og framkvæmd á samningum um verslun og siglingar.

IV, skilning og framkvæmd á samningum um málefni þau er nú skal greina:

eignarrjettur til iðnaðar,
eignarrjettur til ritverka og listaverka,
einkarjettur þjóða í milli, ákvarðaður með Haagsáttmálunum,
vinnuvernd þjóða á milli,
póstmál og símamál,
mál og vog,
heilbrigðismálefni,
símþræðir neðansjávar,
fiskiveiðar,
skipamælingar,
hvít þrælaverslun.

Í deilumálum, sem snerta atriði þau, sem talin eru upp í IV. tölulið þessarar greinar, og dómstólarnir samkvæmt alþjóðalöggjöfnni eru bærir að dæma, eiga málsaðilarnir rjett á að leggja málefnið ekki í gjörð, fyr en dómstólarnir innanlands hafa lagt dóm á málið á æðsta stigi.

Gjörðardómar, upp kveðnir um atriði þau, sem nefnd eru í kaflanum hjer fyrir framan, skulu engin ábrif hafa á fyr upp kveðna dóma.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að gjöra eða stinga upp á við löggjafarvaldið að gjöra þær ráðstafanir, sem kynnu að vera nauðsynlegar til þess að skilningur sá, sem tiltekinn er í gjörðardómi um framannefnd atriði geti framvegis verið skuldbindandi fyrir dómstóla þeirra.

3. grein.

Hinir hátignu samningsaðilar eiga í hvert skifti sem er að rita undir sjerstaklega gjörðarsamþykt, og eiga þar að vera nákvæm skýrsla um ágreiningsefnið og fyrirmæli um verksvið gjörðardómendanna, málfutninginn og fresti þá, sem á að hegða sjer eftir, meðan gjörðardómstóllinn starfar.

Samningsaðilarnir eru ásáttir um, að veita gjörðardómstóli þeim, sem gjört er ráð fyrir í þessum samningi, umboð til að skera úr því, þegar þeir geta ekki orðið sammála um það, hvort deilumál, sem upp hefur risið milli þeirra, er í þeim mála-flokki, sem samkvæmt 1. og 2. gr. þessa samnings á að leggja í skuldbundna gjörð.

4. grein.

Ef að málspartarnir hafa ekki um eins árs skeið frá því augnabliki, er frumvarp til gjörðarsamþyktar hefur fyrst verið sent frá öðrum þeirra til hins, getað orðið sammála um fyrirmælin í henni, skal hinn fasti gjörðardómstóll hafa heimild til að semja gjörðarsamþyktina.

Gjörðardómstóllinn getur tekið til starfa eptir beiðni annars málspartanna.

Nr. 48. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og forseta hins frakkneska lýðveldis.

Art. 2.

Tvistigheder angaaende følgende Spørgsmaal skal underkastes Voldgift, uden at de i Art. 1 omtalte Forbehold kan gøres gældende:

I. Krav paa Skadeserstatning i Penge, naar Erstatningspligten er principielt anerkendt af Parterne.

II. Kontraktmæssig Gæld, som den ene Parts Regering paa sine Undersaatters Vegne kræver hos den anden Parts Regering.

III. Fortolkning og Anvendelse af Overenskomster vedrørende Handel og Skibsfart.

IV. Fortolkning og Anvendelse af Overenskomster vedrørende nedennævnte Emner:

Industriel Ejendomsret,
Litterær og kunstnerisk Ejendomsret,
International Privatret, fastsat ved Haagerkonventionerne,
International Arbejderbeskyttelse,
Post- og Telegrafvæsen,
Maal og Vægt,
Sundhedsanliggender,
Undersøiske Kabler,
Fiskeri,
Skibsmaaling,
Hvid Slavehandel.

I Tvistigheder, som vedrører de i nærværende Artikel under Nr. IV opregnede Spørgsmaal, og i hvilke de dømmende Myndigheder i Henhold til den nationale Lovgivning, vilde være kompetente, har Parterne Ret til ikke at underkaste Spørgsmaalet Voldgift, forinden den nationale Domsmyndighed har paakendt Sagen i sidste Instans.

Voldgiftskendelser afsagte i de i det foregaaende Stykke nævnte Tilfælde skal ikke have nogen Indflydelse paa tidligere afsagte Domme.

De kontraherende Parter forpligter sig til at gennemføre eller foreslaa den lovgivende Magt at gennemføre de Forholdsregler, som maatte være nødvendige, for at den ved en Voldgiftskendelse i de ovennævnte Tilfælde givne Fortolkning for Fremtiden kan være bindende for deres Domstole.

Art. 3.

I hvert enkelt Tilfælde skal de høje kontraherende Parter undertegne en særlig Voldgiftsantagelse, der nøje fastslaar Stridens Genstand, Voldgiftsdommernes Kompetence, Proceduren og de Frister, som bliver at iagttage under Voldgiftsrettens Virksomhed.

De kontraherende Parter er enige om at bemyndige den i nærværende Konvention forudsatte Voldgiftsret til, naar de derom er uenige, at afgøre, hvorvidt en Tvistighed, som er opstaaet imellem dem, henhører under de Tvistigheder, som i Henhold til nærværende Konventions Art. 1 og 2 skal underkastes tvungen Voldgift.

Art. 4.

Hvis Parterne i Løbet af et Aar fra det Øjeblik, da der først fra en af dem tilstilles den anden et Udkast til Voldgiftsantagelse, ikke har kunnet blive enige om de nødvendige Bestemmelser, skal den staaende Voldgiftsdomstol være bemyndiget til at affatte Voldgiftsantagelsen.

Voldgiftsdomstolen kan træde i Virksomhed paa Begæring af een af Parterne.

Nr. 48. Gjørðarsamþyktingin ber að semja í samræmi við 54. og 45. gr. í Haagsáttmál-
 25. anum um að koma á friðsamlegan hátt sáttum á deilumál ríkja á milli, dagsettum 18.
 nóvbr. október 1907.

5. grein.

Samningur þessi er gjörður fyrir fimm ára bil, talið frá því að skifst var á um fullgildingarnar, þó að því áskildu, að hann endurnýst umtalslaust.

6. grein.

Samningur þennan ber að fullgilda svo fljótt, sem auðið er og ber að skiftast á um fullgildingarnar í Kaupmannahöfn.

Gjört í Kaupmannahöfn í tveimur frumritum 9. ágúst 1911.

C. W. Ahlefeldt Laurvig.
(L. S.)

Horric de Beaucaire.
(L. S.)

Þetta gjörist hjermeð að gefnu tilefni öllum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Voldgiftsantagelsen bliver at affatte i Overensstemmelse med Art. 54 og 45 i Nr. 48. Haager-Konventionen om fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder af 18. ^{25.} Oktober 1907. Novbr.

Art. 5.

Nærværende Konvention er afsluttet for et Tidsrum af fem Aar at regne fra Ratifikationernes Udveksling, dog med Forbehold af stiltiende Fornyelse.

Art. 6.

Nærværende Konvention vil være at ratificere snarest muligt og Ratifikationerne at udveksle i København.

Sket i Kjøbenhavn, i dobbelt Udfærdigelse, den 9. August 1911.

C. W. Ahlefeldt Laurvig.
(L. S.)

Horric de Beaucaire.
(L. S.)

Hvilket paa dertil given Foranledning bringes til offentlig Kundskab.

Islands Ministerium, den 25. November 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.